

# Kortlagning á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík

Erla Björg Sigurðardóttir

September  
2012

**EFNISYFIRLIT**

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar .....	4
1. Inngangur .....	6
2. Skilgreiningar .....	7
2.1. Skilgreining Félagsmálaráðuneytisins árið 2005 .....	7
2.2. ETHOS .....	8
3. Þekking á högum utangarðsfólks og/eða heimilislausra .....	8
3.1. Heimilislausir á Íslandi .....	9
4. Rannsóknin .....	10
4.1. Markmið .....	11
4.2. Framkvæmd .....	11
4.3. Aðferð og mælitæki .....	11
4.4. Úrtak og þátttakendur .....	12
4.5. Skráning og úrvinnsla .....	12
4.6. Annmarkar rannsóknarinnar .....	12
5. Niðurstöður .....	12
5.1. Fjöldi, kyn og aldur .....	13
5.2. Þjóðerni .....	14
5.3. Búsetuaðstæður síðastliðna 3 mánuði .....	15
5.4. Hversu lengi utangarðs og/eða heimilislaus .....	16
5.5. Áfengis og önnur vímuefnaneysla .....	18
5.6. Hugsanlegar orsakir þess að fólk varð utangarðs og/eða heimilislaust .....	19
5.7. Þjónusta og úrræði .....	20
5.7.1. Þjónusta sem hefur verið veitt .....	21
5.7.2. Þjónusta og kynjahlutföll .....	21
6. Samanburður við niðurstöður kortlagningar á fjölda og högum utangarðs og/eða heimilislausra árið 2009 .....	21
7. Samantekt .....	22
8. Heimildir .....	24
9. Viðaukar .....	25
Viðauki I - Spurningalisti .....	25
Viðauki II - Samþykki Vísindasiðanefndar .....	28
Viðauki III - Þjónusta við utangarðsfólk og/eða heimilislausra í Reykjavík	29
Gistiskýli Þinghólsstræti .....	29
Konukot .....	29
Smáhýsi .....	30
Heimili fyrir karla í vímuefnavanda – Miklabraut .....	30
Heimili fyrir karla með vímuefnavanda - Njálsgata .....	30
Heimili fyrir konur með vímuefnavanda - Mýrin .....	31

Dagsetur .....	32
Borgarverðir .....	32
Kaffistofa Samhjalpar .....	32
Færanleg félagsleg ráðgjöf .....	32
Áfangheimili fyrir einstaklinga sem hafa lokið vímuefnameðferð .....	32

## HELSTU NIÐURSTÖÐUR RANNSÓKNARINNAR

Alls voru 179 einstaklingar sem féllu undir skilgreiningu um heimilislauslausa sem sóttu þjónustu í mars, apríl og maí 2012 hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar, Rauða Kross Íslands Reykjavíkureild, Samhjálp, Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu og Fangelsismálastofnunar Ríkisins. SÁÁ og Landspítali háskólasjúkrahús sáu sér ekki fært að taka þátt í rannsókninni að þessu sinni.

Karlar voru í meirihluta eða 62,56%, fjöldi kvenna var 64 og fjöldi karla 112, til viðbótar kom ekki fram vaðandi kyn þriggja einstaklinga.

Flestir voru á aldrinum 21-30 ára eða 24% og 22,3% voru á aldrinum 51-60 ára. Dreifing á aldrinum 31-40 og 41-50 var nokkuð jöfn eða 20,1% og 19,6%. Yngsti var 18 ára og sá elsti 75 ára.

Flestir áttu uppruna sinn á Íslandi eða 89,4%, pólskir ríkisborgarar voru 6,7% og aðrir um 1% og færri. Af þeim sem voru af erlendum uppruna var einn frá Danmörk, einn frá Bretlandi, tveir frá Lettlandi, einn frá Litháen, tólf frá Póllandi og einn frá Portúgal samtals 18 einstaklingar.

Hvað varðar búsetuaðstæður síðastliðna 3 mánuði voru 12,3%, sagðir hafast við á götunni að einhverju leyti, þeir sem gistu í neyðarskýli voru 33,5%, í kvennaathvarfi 0,6%, 11,7% var að ljúka stofnanavist innan þriggja mánaða og hafði ekki fastan samastað að henni lokinni, í langtímabúsetuúrræði voru 16,2% og flestir einstaklingar voru skráðir gista við ótryggar aðstæður eða 52%. Í mörgum tilfellum var merkt við fleiri en einn svarmöguleika og flestir af þeim sem voru sagðir gista við ótryggar aðstæður voru einnig sagðir búa við aðrar aðstæður sem hér hafa verið nefndar.

Þeir sem voru sagðir vera heimilislausir og/eða utangarðs í meira en tvö ár voru 38% af heildarfjölda, 28,5% í 4-11 mánuði, 17,3% í 1-2 ár og fæstir í 0-3 mánuði. Þeir sem voru búsettir í langtímabúsetuúrræði voru einnig taldir með. Þrátt fyrir að búa í langtímabúsetuúrræði falla þessir einstaklingar undir það að vera utangarðs. Séu þeir sem búa í langtímabúsetuúrræði teknir út þá fækkar þeim sem verið hafa utangarðs eða heimilislausir í tvö ár eða meira um 29 einstaklinga þar af búa 8 einstaklingar á áfangaheimilum.

Áfengis og önnur vímuefnaneysla að staðaldri var helsti vandi þessa hóps, 52% voru sagðir nota áfengi að staðaldri, 49% önnur vímuefni en áfengi að staðaldri, 29,60% sagðir nota bæði áfengi og önnur vímuefni að staðaldri og 6,7% sagðir vera hættir að nota áfengi og/eða önnur vímuefni.

Áfengisvandi (62,6%) og annar vímuefnavandi (61,5%) var talin helsta orsök þess að viðkomandi einstaklingar voru utangarðs og/eða heimilislausir bæði meðal kvenna og karla. Þar á eftir voru geðræn vandamál eða 31,3% og fjölmargir aðrir þættir taldir en í mun minna hlutfalli.

Pátttakendur í rannsókninni höfðu veitt viðkomandi einstaklingum fjölbreytta þjónustu. Hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar var oftast veitt félagsleg ráðgjöf og stuðningsviðtöl eða 31,8%, fjárhagsaðstoð í 24,5% tilvika, virkniráðgjöf 2,2% tilvika og endurhæfing 2,8% tilvika. Aðstoð vegna húsnæðismála þar á meðal umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur ásamt stuðningi vegna búsetuúrræða 19%.

Samhjálp veitti neyðargistingu, snyrtiaðstöðu, máltíðir og ýmsan stuðning. Rauði Kross Íslands Reykjavíkurdeild veitti neyðargistingu, snyrtiaðstöðu, máltíðir og úthlutun hreinna sprautunála og ýmsan stuðning. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu veitti neyðargistingu og akstur á milli staða. Fangelsismálastofnun veitti ráðgjöf og eftirfylgd vegna reynslulausnar úr fangelsi.

Pátttakendur höfðu vitneskju um að viðkomandi einstaklingar hefðu fengið þjónustu hjá fjölmörgum öðrum aðilum. Flestir höfðu (69,3%) leitað til nokkurra ólíkra meðferðaraðila vegna ofneyslu áfengis/og eða annarra vímuefna þ.e. SÁÁ, LSH, Samhjálp og Krýsuvík.

Í sambærilegri rannsókn 2009 (sem var fyrsta kortlagning á fjölda og högum utangarðs og/eða heimilisláusra) voru 121 einstaklingar sem töldust utangarðs og/eða heimilisláusir, þar af voru þjuggu 21 í langtímabúsetuúrræði. Heildarfjöldi þessa hóps hafði því aukist um 32,41% eða um 58 einstaklinga (með fyrirvara um ólíka aðferð við framkvæmd rannsókna).

Konur voru 24% af heildarfjölda árið 2009 en voru 35,8% árið 2012 og hafði því fjölgað nokkuð.

Fjölgun var mest í yngsta aldurhópnum þ.e. einstaklingum á aldrinum 18-30 ára. Árið 2009 var 17% á þessum aldri en 26,8% árið 2012. Fækkun var í hópi þeirra sem voru á aldrinum 30-50 ára. Árið 2009 voru 55% á aldrinum 30-49, en 39,7% árið 2012 (eða á aldrinum 31-50 ára). Árið 2009 voru 28% 50 ára og eldri, en 31,8% árið 2012.

Nokkur fjölgun var af einstaklingum af erlendum uppruna. Þeir sem voru af erlendum uppruna voru 4,9% á árinu 2009 en 10,6% árið 2012.

Árið 2012 voru langflestir sagðir gista við ótryggar aðstæður eða í gistiskýli eins og var árið 2009. Stærri hlutfall karla bjó við ótryggar aðstæður árið 2012 og einnig dvöldu fleiri karlar í gistiskýli en árið 2009.

Lengd í mánuðum og árum hvað varðar að vera utangarðs og/eða heimilisláus hafði breyst töluvert frá því árið 2009. Þeim fjölgaði sem höfðu verið utangarðs og/eða heimilisláusir í 4-11 mánuði og í 1-2 ár og þeir sem höfðu verið 2 ár og lengur hafði fækkað.

Eins og árið 2009 var helsti vandi þeirra sem voru utangarðs og/eða heimilisláusir ofneysla áfengis og/eða annarra vímuefna. Átti það við bæði kyn í báðum rannsóknunum.

## 1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu eru kynntar niðurstöður á kortlagningu á fjölda og högum þeirra sem töldust utangarðs og/eða heimilisláusir í Reykjavík vorið 2012. Árið 2009 var í fyrsta sinn gerð sambærileg kortlagning sem var samvinnuverkefni Nýsköpunarsjóðs námsmanna og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Rannsakendur voru Elín S. Gunnsteinsdóttir og Erla G. Sigurðardóttir.

Rannsóknin nú og árið 2009 voru gerðar samkvæmt stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum utangarðsfólks 2008-2012. Í henni kemur m.a. fram að brýnt sé að fá yfirsýn yfir fjölda, félagslegar aðstæður og heilsufar utangarðsfólks Íslandi. Leiða má líkum að því að rannsókn á þessum þáttum stuðli að aukinni þekkingu á málefnum utangarðsfólks. Rannsókn Elínar og Erlu árið 2009 var í tveim hlutum. Fyrri hluti hennar var vettvangsrannsókn með það að markmiði að öðlast betri skilning á heilsufari og félagslegri stöðu þeirra sem teljast utangarðs og/eða heimilisláusir. Seinni hluti hennar var kortlagning á fjölda og högum þeirra sem teljast utangarðs og/eða heimilisláusir og var markmiðið að fá ýtarlegri upplýsingar um fjölda þeirra og hagi.

Í rannsókn þeirri sem hér verður kynnt var einungis gerð kortlagning á fjölda og högum utangarðsfólks og/eða heimilisláusum í Reykjavík, með sama markmiði og árið 2009. Sama skilgreining á heimilisleysi var notuð og sami spurningalisti til að gæta eins mikils samræmis og mögulegt var varðandi kortlagninguna.

Þörf fyrir að kortleggja heimilisleysi meðal þegnanna hefur fengið aukna athygli í fjölda Evrópulanda undanfarin ár. Þekking á fjölda og högum heimilisláusra er mikilvæg við stefnumótun og ákvörðun stjórnvalda varðandi úrræði og þjónustu við þá (Dyb og Johannessen, 2008). Svo hægt sé að koma til móts við þann hóp einstaklinga sem er utangarðs og/eða heimilisláus hverju sinni er mikilvægt að skilgreina hverjir teljast til utangarðs og/eða heimilisláusra. Ennfremur er mikilvægt að skilgreina þarfir hópsins svo hægt sé að þróa úrræði sem henta honum ( Félagsmálaráðuneytið, 2005).

Hversu margir teljast utangarðs og/eða heimilisláusir fer eftir því hversu víðar skilgreiningar eru notaðar við talningu þeirra (Glasser og Bridgman, 1999). Mörg lönd Evrópu hafa ekki tölulegar upplýsingar um fjölda utangarðs og/eða heimilisláusra og sum þeirra einhverjar upplýsingar en ekki áreiðanlegar tölur. Meðal annars vegna þessa er erfitt að bera saman heimilisleysi á milli landa (Dyb og Johannessen, 2008).

## 2. SKILGREININGAR

Hugtökin utangarðs og heimilisleysi tengjast óhjákvæmilega því að þeir sem eru utangarðs í samfélaginu geta líka verið heimilislausir. Þar af leiðandi hefur heimilisleysi verið skilgreint sem mikilvægur hluti af kortlagningu utangarðsfólks, svo hægt sé að fá skýrari mynd af stöðu hópsins. Hugtakið heimilisleysi er ekki eingöngu til marks um skort á húsnæði eða skjóli heldur einnig skortur á félagslegum tengslum hjá einstaklingum sem stuðlar að því að honum finnst hann ekki tilheyrja neinu eða neinum (Anker, 2007).

Margar skilgreiningar eru til á heimilisleysi og er í mörgum tilfellum gerður greinarmunur á því hvort einstaklingar hafi verið heimilislausir í skamman tíma eða hafi átt við langvarandi heimilisleysi að stríða (Edens, Mares og Rosenheck, 2011).

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sett fram skilgreiningu á heimilisleysi, European typology of homelessness and housing exclusion (ETHOS). ETHOS skilgreinir margvíslegar aðstæður sem flokkast undir heimilisleysi. Um er að ræða mjög breiða skilgreiningu sem tekur tillit til ákveðinna þátta sem falla undir jafnt heimilisleysi og húsnæðis útilokun (housing exclusion) (Edgar, 2009).

Eins og í rannsókninni 2009 á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík var auk skilgreiningu félagsmálaráðuneytisins frá árinu 2005 notaðir sex af þrettán þáttum ETHOS skilgreiningarinnar á heimilisleysi.

### 2.1. SKILGREINING FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTISINS ÁRIÐ 2005

Á Íslandi var opinber skilgreining á heimilisleysi fyrst sett fram árið 2005 en fram að þeim tíma höfðu skilgreiningar á hugtakinu verið nokkuð á reiki. Forsaga þess var sú að í framhaldi af umræðum á Alþingi vorið 2004, um aðstæður heimilislausra, ákvað þáverandi félagsmálaráðherra Árni Magnússon að stofna samráðshóp sem falið var að fjalla um aðstæður heimilislausra á höfuðborgarsvæðinu. Í hópinn voru skipaðir fulltrúar fjölmennustu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu auk fulltrúa dómsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis. Verkefni hópsins var samkvæmt skipunarbréfi

*„að komast að sameiginlegri niðurstöðu um skilgreiningu á hugtakinu heimilisleysi, taka saman yfirlit yfir þann fjölda einstaklinga sem fellur undir skilgreininguna og við hvaða aðstæður þeir búa. Í framhaldi skal hópurinn setja fram áætlun um samstillt viðbrögð til að koma í veg fyrir heimilisleysi á höfuðborgarsvæðinu“* (Félagsmálaráðuneytið, 2005).

Árið 2005 birti samráðshópurinn eftirfarandi skilgreiningu á heimilisleysi:

*Húsnæðislaus er sá sem ekki hefur aðgang að hefðbundnu húsnæði, hann hefur ekki húskjól að staðaldri á sama stað og gistir þar sem kostur er hverja nótt, þar með talið í gistiþykli, á gistiheimili eða inni á öðru fólki. Þeir sem koma úr tímabundnu húskjóli, svo sem úr fangelsi eða úr*

*vímuefnaðferð, eiga sögu um margháttaða húsnæðis- og félagslega erfiðleika og eiga ekki tryggt húskjól einum til tveimur mánuðum áður en þeir fara úr hinu tímabundna húsnæði, eru taldir hér með* (Félagsmálaráðuneytið, 2005).

## 2.2. ETHOS

1. Einstaklingar sem búa á víðavangi við slæmar aðstæður/skilyrði (living rough) Opinber rými/svæði og/eða úti við. Viðkomandi býr á götunni eða í opinberu rými/opinberum stöðum í óþökk og/eða leyfisleysi sem ekki telst viðunandi til dvalar.
2. Einstaklingar sem búa í neyðarskýlum. Gistiskýlið og Konukot. Viðkomandi á hvergi fastan dvalarstað og nýtir sér þjónustu gistiskýla á næturnar.
3. Einstaklingar sem búa í athvörfum fyrir konur eða í Kvennaathvarfi. Viðkomandi dvelur tímabundið í athvarfi vegna ofbeldis heima fyrir og á ekki afturkvæmt.
4. Einstaklingar sem eru að ljúka stofnanavist innan þriggja mánaða. Fangelsi, sjúkrastofnanir, meðferðarstofnanir og áfangaheimili. Nánari útskýring: Gera má ráð fyrir að viðkomandi verði utangarðs að sjúkravistun eða afplánun lokinni þar sem ekki er vitað um neinn ákveðinn dvalarstað sem viðkomandi mun dvelja á. Viðkomandi dvelur jafnvel lengur á stofnuninni en þörf er á vegna skorts á húsnæði.
5. Utangarðsfólk sem nýtur langtíma húsnæðisúrreðis vegna heimilisleysis. Stuðningssambýli fyrir utangarðs einstaklinga. Langtíma búsetu- og stuðningsúrreði.
6. Einstaklingar sem búa við ótryggar aðstæður. Tímabundið hjá fjölskyldu og/eða vinum eða ólögleglegu húsnæði. Viðkomandi dvelur í hefðbundnu húsnæði tímabundið og/eða án formlegs leigusamnings eða býr í húsnæði sem ekki telst viðunandi til dvalar. Viðkomandi er þar með í áhættuhóp á að verða utangarðs.

## 3. ÞEKING Á HÖGUM UTANGARÐSFÓLKS OG/EÐA HEIMILISLAUSRA

Fjölmargar erlendar rannsóknir hafa verið gerðar á fjölda heimilisláusra, orsökum þess og afleiðingum fyrir einstaklinginn. Í þessum kafla verður fjallað almennt um hagi utangarðs og/eða heimilisláusra. Eins og áður hefur komið fram er erfitt að bera saman fjölda heimilisláusra á milli landa vegna ólíkra skilgreininga á heimilileysi og aðferða við kortlagningu á fjölda þeirra. Samanburður á fjölda heimilisláusra í Noregi, Danmörk og Svíþjóð á hvern 1000 íbúa á landsvísi með fyrirvara um mismunandi skilgreiningar og aðferðir sýnir að svipaður fjöldi er í löndunum þrem. Árið 2009 voru 1,2% heimilisláusir í Noregi í Danmörk 1,0% og í Svíþjóð 1,3%. Á hvern 1000 íbúa í Kaupmannahöfn voru 3,8%, í Osló 2,4% og í Stokkhólmi 2,3% (Benjaminsen, 2009).

Rannsóknir sýna að heimilisláusir hafa margvíslegan bakgrunn þrátt fyrir að ímynd hins heimilisláusa í hinum vestræna heimi sé hvítur miðaldra karlmaður sem gistir í gistiskýlum eða á götunni (Glasser og Bridgman, 1999; Stax, 2003; Dyb og Johannessen,



2008). Samkvæmt Stax (2003) er mögulegt að skilja heimilisleysi með samanburði eftir búsetu einstaklings og skipta í hópa sem sofa á götunni, í gistiskýlum eða á svipuðum stofnunum, einstaklingar sem búa tímabundið hjá vinum, einstaklingar sem deila með sér húsnæði, einstaklingar sem búa í húsnæði sem er varla íbúðarhæft og loks einstaklingar sem búa í húsum sem eru óásættanleg.

Samkvæmt rannsóknum eru meiri líkur á að tengsl við fjöskyldu og vini rofni eftir því sem heimilisleysið varir lengur og minni stuðningur verður frá þessum aðilum (Eyrich o.fl., 2003; Argyll og Clyde, 2002).

Það að vera heimilislaus getur haft ýmsar alvarlegar afleiðingar og eru marvísleg geðræn og líkamleg vandamál oft tengd erfiðum og oft á tíðum harkalegum lífnaðarháttum þeirra sem eru heimilislausir. Ofnotkun áfengis og annarra vímuefna, afbrot og kynferðisleg misnotkun eru oft fylgifiskar heimilisleysis bæði meðal kvenna og karla (Wardhaugh, 2000; Shlay og Rossi, 1992; Dyb og Johannessen, 2008). Vegna lélegra aðstæðna og takmarkaðs aðgengi að heilbrigðisþjónustu heimilislausra er heimilisleysi aukið heilbrigðisvandamál. Heimilislausir eru þar af leiðandi í áhættuhópi fyrir smitsjúkdómum og öðrum sjúkdómum. Algengt er að geðrænt og líkamlegt heilsufar heimilislausra sé slæmt miðað við heilsufar meðal almennings (Argyll og Clyde 2002; Badiaga o.fl., 2008; Dyb og Johannessen, 2008).

### 3.1. HEIMILISLAUSIR Á ÍSLANDI

Flestir þeirra sem eru heimilislausir á Íslandi dveljast í Reykjavík. Eins og áður segir var gerð árið 2009 í fyrsta sinn rannsókn á fjölda og högum utangarðsfólks og/eða heimilislausra í Reykjavík. Fjöldi þeirra var samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar 121 sem var töluvert hærri tala en áður hafði verið vitneskja um. Óformlegar athuganir á fjölda heimilislausra voru gerðar á árunum 2003-2005, en ekki var um rannsóknir að ræða. Árið 2005 var talið að á hverjum tíma væru um 45-55 manns sem ættu hvergi höfði sínu að halla í Reykjavík þar af 5 konur. Samkvæmt heimildum frá Félagsmálaráðuneytinu (2005) voru 47 einstaklingar heimilislausir í júlí 2004, um áramótin sama ár voru þeir orðnir 49. Í ljós kom að meirihluti þeirra sem voru heimilislausir bjuggu á götunni, gistu í gistiskýlum og sumir þeirra voru inni á meðferðarstofnunum. Langflestir þeirra sem voru heimilislausir voru einhleypir karlmenn sem ekki höfðu börn á framfæri. Flestir þeirra sem voru heimilislausir sumarið 2004 voru á aldursbilinu 30-50 ára eða um 60%. Um áramót sama ár voru þeir sem voru á þessu aldursbili um 45% af heimilislausum. Elsti einstaklingurinn sem var heimilislaus árið 2004 var 67 ára gamall en fáir voru kornungir. Lítil breyting var á fjölda og aldersdreifingu hópsins miðað við sumar og vetur. Allir þeirra heimilislausu voru einhleypir og meirihluti þeirra var á örorkubótum. Flestir þeirra höfðu verið í langvarandi tengslum við Félagsþjónustu en þó sumir með hléum á milli. Heilsufar þeirra var í flestum tilfellum bágborið og mikil merki voru um ofneyslu áfengis og annarra vímuefna.

Nokkrir aðilar sem veita þjónustu við umræddan hóp töldu ofangreindar tölur (45-55) um fjölda heimilislausra í Reykjavík gefa ranga mynd af fjölda þeirra og þá sérstaklega fjölda

kvenna í hópnum. Sem dæmi má nefna að samkvæmt þarfagreiningu sem Reykjavíkurdæld Rauða krossins, í samstarfi við Félagsþjónustuna í Reykjavík, lét gera árið 2001 var talið að fjöldi heimilislausra kvenna væri að minnsta kosti 20 í Reykjavík (Rauði kross Íslands, 2003). Árið 2003 taldi Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ) að um 34 heimilislausar konur kæmu árlega í meðferð á stofnanir samtakanna. Talsmaður SÁÁ taldi að margar þessara kvenna væru ekki skráðar eða skilgreindar sem húsnæðislausar þar sem þær fengju oft að liggja inni á öðrum sem veitti þeim tímabundið skjól. Sama ár taldi lögreglan í Reykjavík að 18 konur væru heimilislausar en tekið var sérstaklega fram að talan væri hugsanlega hærrí vegna þess að konur ættu auðveldara með að koma sér í tímabundið húsnæði (Rauði kross Íslands, 2003). Þessar tölur sýna að ef fjöldi heimilislausra kvenna var hærrí en talning félagsmálaráðuneytisins árið 2005 gaf til kynna er líklegt að fjöldi heimilislausra karla hafi einnig verið eitthvað hærrí. Það er að segja að því gefnu að fjöldi heimilislausra standi nokkurn veginn í stað ár frá ári. Þó verður að hafa í huga að ekki er vitað hvaða skilgreiningu á heimilisleysi var stuðst við í þarfagreiningu Reykjavíkurdældar Rauða krossins eða í talningu SÁÁ og lögreglunnar. Samkvæmt þeim upplýsingum sem yfirvöld á Íslandi höfðu aflað sér árið 2005 varðandi heilsufar heimilislausra bendir margt til þess að umræddur hópur hafi átt við alvarlegan heilsuþrest og ofneyslu áfengis- og annarar vímuefnaneyslu að stríða (Félagsmálaráðuneytið, 2005).

Fyrri hluti áður nefndrar rannsóknar Elínar S. Gunnsteinsdóttur og Erlu G. Sigurðardóttur (2009) var vettvangsrannsókn og fjallaði um heilsufar og félagslega stöðu þátttakenda. Þátttakendur voru 14 karlar og 6 konur. Alls 68,4 % þeirra sem svöruðu sögðust vera greindir með einn eða fleiri líkamlegan sjúkdóma, þar af 83,3 % kvennanna og 61,5 % karlanna. Alls 30% þeirra sem greindir voru með líkamlega sjúkdóma tóku inn lyfseðilskyld lyf vegna þessa að staðaldri. Sjúkdómar sem voru nefndir voru brisvandamál, astmi, stoðkerfisvandi og krónískir verkir. Alls sögðust 47,4 % þeirra sem svöruðu hafa verið greindir með einn eða fleiri geðsjúkdóm. Af öllum þeim konum sem rætt var við voru 50% þeirra greindar með geðsjúkdóm á móti 46,2 % karla. Af þeim sem greindir voru með geðsjúkdóm tóku 30% inn lyfseðilskyld lyf vegna þessa. Flestir voru greindir með kvíða og geðhvarfasýki eða meira en helmingur þeirra sem greindir höfðu verið með geðsjúkdóm. Aðrar greiningar sem voru nefndar voru félagsfælni og áfallaröskun. Af þeim sem svöruðu notuðu allir vímuefni fyrir utan einn karlmann. Þegar spurt var út í neyslu vímuefna að staðaldri þá sögðust 57,9% nota áfengi, 26,3% þátttakenda nota önnur vímuefni en áfengi að staðaldri, 89,5% tóbak og 15,8% útvega sér lyfseðilskyld lyf ólöglega.

#### 4. RANNSÓKNIN

Rannsóknin var gerð með samskonar hætti og fyrsta kortlagning á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík árið 2009. Stuðst var við kennitölur einstaklinga sem voru

taldir falla undir skilgreiningu á heimilislausum til að koma í veg fyrir að sami einstaklingur væri talinn oftari en einu sinni.

#### 4.1. MARKMIÐ

Markmið með rannsókninni var að fá betri yfirsýn yfir hóp einstaklinga sem falla undir skilgreiningu Félagsmálaráðuneytisins (2005) á utangarðsfólki til að hægt sé að þróa félagsleg úrræði á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkur í samræmi við þarfir hópsins.

#### 4.2. FRAMKVÆMD

Undirbúningur fyrir skráningu upplýsinga hófst 15.10.2011. Áætlað var að skráning upplýsinga hjá þátttakendum í rannsókninni færi fram í október og nóvember. Til þess að fá sem nákvæmstu upplýsingar um fjölda heimilislausra í Reykjavík á hverjum tíma er nauðsynlegt að styðjast við kennitölur viðkomandi einstaklinga. Vegna athugasemda Vísindasiðanefndar varðandi persónuvernd tafðist þessi vinna. Leitað var lausna í samvinnu við Outcome hugbúnaður ehf., Vísindasiðanefnd og Persónuvernd. Í maí 2012 fengu þátttakendur senda spurningalista í rafrænni könnun og úrvinnsla niðurstaðna fór fram í júní og júlí. Spurt var um kyn, aldur, búsetuáðstæður, vitneskju um áfengis- og/eða aðra vímuefnaneyslu og hugsanlegar orsakir heimilisleysis. Einnig var spurt hvort vitneskja væri um stuðning frá öðrum stofnunum eða félagasamtökum og hvaða þjónustu viðkomandi væri að fá hjá þeirri stofnun eða félagasamtökum sem fyllti út formið.

#### 4.3. AÐFERÐ OG MÆLITÆKI

Megindlegri aðferð var beitt í rannsókninni og notast var við spurningakönnun með rafrænum hætti. Til að kortleggja fjölda og hagi utangarðsfólks sem hafa þegið þjónustu frá stofnunum og samtökum síðastliðna 3 mánuði var gerð afturvirk gagnarannsókn. Starfsmönnum stofnana og samtaka sem veita þjónustu til einstaklinga sem teljast utangarðs var gert að fylla út spurningalista í rafrænni könnun með kennitölum viðkomandi einstaklinga. Til að komast hjá því að kennitölur kæmst í hendur rannsakenda frá stofnunum sem tóku þátt í rannsókninni var leitað launsnar hjá Outcome hugbúnaður ehf. með notkun rafrænnar könnunar á netinu.

Starfsmenn þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar, Rauða Kross Íslands Reykjavíkureildar, Samhjálp, Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu og Fangelismálastofnunar Ríkisins svöruðu spurningalistanum rafrænt og eftir að könnun var svarað var hún send inn í gagnagrunn. Í sendingarferlinu var kennitölunni breytt í kóða skv. formúlu sem var útfærð hjá Outcome (stuðst var við sambærilegar formúlur og notaðar eru í gagnaflytningu kreditkortaupplýsinga um netið). Þannig voru gögnin sem Velferðarsvið fékk í hendur með kóðaðri kennitölu. Reiknireglan var alltaf sú sama þannig að komi sama kennitalan fram á fleiri en einum stað var kóðinn samsvarandi. Tölvunarfræðingur forritaði umrædda breytingu inn í könnunina. Eftir að kerfið var farið að virka sem skildi var því komið fyrir á vefþjóni sem eingöngu var aðgengilegur tilteknum kerfisumsjónaraðilum hjá Outcome. Þannig að sá sem setti upp kerfið hafði

engan aðgang að kerfinu og þeim gögnum sem söfnuðust í gagnagrunn þess eftir að það var tekið í notkun.

#### 4.4. ÚRTAK OG ÞÁTTTAKENDUR

Úrtakið var markmiðsúrtak. Markmiðið var að fá upplýsingar um fjölda og hagi einstaklinga sem teljast utangarðs og/eða heimilislausir samkvæmt áður nefndri skilgreiningu frá aðilum innan þjónustumiðstöðva Velferðarsviðs, stofnana og félagasamtaka sem koma að málefnum hópsins. Þátttakendur í rannsókninni svöruðu spurningalistum samkvæmt áður nefndri skilgreiningu á heimilisleysi. Þátttakendur voru Rauði Kross Íslands Reykjavíkurdæld, Samhjálp, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Fangelsismálastofnun og þjónustumiðstöðvar Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

SÁÁ og Landspítali háskólasjúkrahús sáu sér ekki fært að taka þátt í rannsókninni að þessu sinni. Starfsemi þessara aðila er umfangsmikil og mikill fjöldi einstaklinga sem fá þjónustu hjá þeim sem hefði þurft að greina samkvæmt skilgreiningu á heimilislausum og/eða utangarðs. Þessir aðilar töldu sig því ekki hafa svigrúm til að vinna að þessu verkefni.

#### 4.5. SKRÁNING OG ÚRVINNSLA

Upplýsingar úr outcomeforritinu frá þátttakendum sem tóku þátt í sjálfri kortlagningunni lágu fyrir í lok maí 2012 og fór úrvinnsla á gögnum úr outcomforritinu fram í júní og júlí. Lýsandi tölfræðileg úrvinnsla fór fram í SPSS tölfræðiforritinu.

#### 4.6. ANNMARKAR RANNSÓKNARINNAR

Rannsóknin gefur ekki tæmandi upplýsingar um fjölda og hagi utangarðsfólks og/eða heimilislausra í Reykjavík vorið 2012. Í fyrsta lagi voru ekki endilega allir sem falla undir skilgreiningu sem var notuð um heimililausa skráðir hjá þeim aðilum sem veita þjónustu til þessa hóps. Í öðru lagi tóku ekki allar stofnanir og félagasamtök sem veita þjónustu við þennan hóp þátt í rannsókninni. Í þriðja lagi eru annmarkar á sjálfri framkvæmdinni þeir að mismunandi aðilar með mismunandi aðferðir við skráningu á upplýsingum skráðu upplýsingar inn í rafræna formið.

Mögulega var fjöldi utangarðsfólks og/eða heimilislausra meiri en þessi rannsókn getur sýnt fram á. Einnig getur verið að rannsóknin fangi ekki allar hliðar og alla þætti er varðar hagi þessa hóps.

## 5. NIÐURSTÖÐUR


Í ljós kom að í maí 2012 voru samanlagt 179 einstaklingar skráðir með þjónustu hjá þátttakendum sem falla undir skilgreininguna. Af þeim voru 29 einstaklingar sagðir búa í langtímabúsetuúrræðum. Nokkrir einstaklingar höfðu sótt þjónustu hjá fleiri en einni

stofnun eða félagasamtökum og nokkrir voru skráðir oftari en einu sinni hjá sömu stofnun og félagasamtökum eða samtals 39 umfram svör. Flestir voru skráðir með þjónustu hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar 59,77%, hjá Samhjálp14%, Rauða Kross Íslands Reykjavíkurdeild 12,8%, Fangelsismálastofnun Ríkisins voru 5,0% og 8,4% hjá Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu.

### 5.1. FJÖLDI, KYN OG ALDUR

Mynd 1 sýnir að karlar voru í meirihluta eða 62,56%. Í töflu 1 kemur fram að fjöldi kvenna var 64 og fjöldi karla 112, til viðbótar kom ekki fram varðandi kyn þriggja einstaklinga. Tafla 1 og mynd 2 sýna að flestir voru á aldrinum 21-30 ára eða 24% og 22,3% voru á aldrinum 51-60 ára. Dreifing á aldrinum 31-40 og 41-50 var nokkuð jöfn eða 20,1% og 19,6%. Yngsti var 18 ára og sá elsti 75 ára. Á mynd 3 kemur fram að mun fleiri karlar eru á aldrinum 31-40 ára og 51 ára og eldri en konur.


**Mynd 1. Kynjahlutfall**




**Tafla 1. Aldurs og kynjaskipting**

Aldur	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi karla	Fjöldi kvenna
>20	5	2,8%	4	1
21-30	43	24,0%	22	21
31-40	36	20,1%	25	11
41-50	35	19,6%	17	18
51-60	40	22,3%	30	8
61-70	13	7,3%	9	3
71-80	4	2,2%	4	0
Ekki vitað	3	1,7%	1	2
<b>Samtals</b>	<b>179</b>	<b>100</b>	<b>112</b>	<b>64</b>

Mynd 2. Aldur



Mynd 3. Aldur skipt eftir kyni



## 5.2. ÞJÓÐERNI


Flestir áttu uppruna sinn á Íslandi eða 89,4% eins og kemur fram í töflu 2, pólskir ríkisborgarar voru 6,7% og aðrir um 1% og færri. Af þeim sem voru af erlendum uppruna var einn frá Danmörk, einn frá Bretlandi, tveir frá Lettlandi, einn frá Litháen, tólf frá Póllandi og einn frá Portúgal samtals 18 einstaklingar.


**Tafla 2. Þjóðerni**

Land	Fjöldi	Hlutfall
Ísland	160	89,4%
Danmörk	1	0,6%
Bretland	1	0,6%
Lettland	2	1,1%
Litháen	1	0,6%
Pólland	12	6,7%
Portúgal	1	0,6%
Ekki vitað	1	0,6%
Samtals	179	100%

### 5.3. BÚSETUAÐSTÆÐUR SÍÐASTLIÐNA 3 MÁNUÐI

Starfsmenn stofnana og félagasamtaka sem tóku þátt í rannsókninni gátu merkt við fleiri en einn þátt hvað varðar búsetuaðstæður hjá hverjum og einum einstaklingi. Mynd 4 sýnir að fjöldi þeirra sem voru sagðir hafast við á götunni að einhverju leyti var 22 (12,3%) og þeir sem gistu í neyðarskýli voru 60 (33,5%). Í kvennaathvarfi var ein kona (0,6%) og 21 (11,7) voru að ljúka stofnanavist innan þriggja mánaða og hafði ekki fastan samastað að henni lokinni. Í langtímabúsetuúrræði voru 29 (16,2%) og flestir einstaklingar voru skráðir gista við ótryggar aðstæður eða 93 (52%). Í mörgum tilfellum var merkt við fleiri en einn svarmöguleika og flestir af þeim sem voru sagðir gista við ótryggar aðstæður voru einnig sagðir búa við aðrar aðstæður sem hér hafa verið nefndar.

**Mynd 4. Búsetuaðstæður síðastliðna 3 mánuði**

**Mynd 5. Búsetuaðstæður síðastliðna 3 mánuði eftir kyni**

#### 5.4. HVERSU LENGI UTANGARÐS OG/EÐA HEIMILISLAUS


Tafla 3 sýnir að flestir hafa verið heimilislausir og/eða utangarðs í meira en tvö ár eða 38%, þar á eftir voru 28,5% sagðir hafa verið heimilislausir og/eða utangarðs í 4-11 mánuði, 17,3% í 1-2 ár og fæstir í 0-3 mánuði. Í töflunni eru þeir sem voru búsettir í langtímabúsetuúrræði einnig taldir með. Séu þeir sem búa í langtímabúsetuúrræði teknir út þá fækkar þeim sem verið hafa utangarðs eða heimilislausir í tvö ár eða meira um 29 einstaklinga þar af búa 8 einstaklingar á áfangaheimilum. Að þessum 29 frádregnum eru eftir 39, þannig að 21,78% af heildinni hefur verið heimilislaus og/eða utangarðs í meira en 2 ár.

**Tafla 3. Hversu lengi heimilislaus**


	Fjöldi	Hlutfall
0-3 mánuðir	19	10,6%
4-11 mánuðir	51	28,5%
1-2 ár	31	17,3%
Meira en 2 ár*	68(-29)	38,0%(21,78%)
Ekki vitað	10	5,6%
Samtals	179	100%

\*29 einstaklingar eru í langtímabúsetu.



**Mynd 6. Heimilileysi í mánuðum og árum**

Á mynd 7 kemur fram að af þeim 176 sem var tilgreint um kyn voru karlar feliri í öllum flokkum hvað varðar heimilisleysi í mánuðum og árum talið. Eins og áður segir vantar að tilgreina kyn hjá þrem einstaklingum af þeim 179 sem töldust heimilislausir og/eða utangarðs.


**Mynd 7. Heimilileysi í mánuðum og árum eftir kyni**

\*Á myndinni kemur fram fjöldi mánaða og ára heimilisleysis þeirra 176 sem kyn var tilgreint. Ekki var vitað um stöðu tíu einstaklinga.

Mynd 8 sýnir stöðu þeirra 176 sem var tilgreint um aldur, eins og áður segir vantar að tilgreina um aldur hjá þrem einstaklingum af þeim 179 sem töldust heimilislausir og /eða utangarðs. Í aldurshópnum 20 ára og yngri voru fæstir í öllum flokkum hvað varðar fjölda mánaða og ára heimilisleysis. Aldurshópurinn 21-30 ára var fjölmennastur meðal þeirra sem höfðu verið heimilislausir í 4-11 mánuði og 1-2 ár. Flestir í aldurshópnum 41-50 og þar á eftir 51-60 höfðu verið heimilislausir í meira en 2 ár. Einnig kemur fram á

myndinni að aldursdreifing er nokkuð jöfn meðal þeirra sem höfðu verið heimilisláurir í 1-2 ár, en fæstir voru undir 20 ára og eldri en 60 ára.


**Mynd 8. Heimilileysi í mánuðum og árum eftir aldri**



### 5.5. ÁFENGIS OG ÖNNUR VÍMUEFNANEYSLA


Mynd 9 sýnir að 52% (90) voru sagðir nota áfengi að staðaldri, 49% (85) önnur vímuefni en áfengi að staðaldri, 29,60% (51) sagðir nota bæði áfengi og önnur vímuefni að staðaldri og 6,7% (12) sagðir vera hættir að nota áfengi og/eða önnur vímuefni.

**Mynd 9. Neysla áfengis og/eða annarra vímuefna**




Ekki var vitað um neyslu áfengis og annarra vímuefna að staðaldri meðal karla í 34 tilfellum og í 12 tilfellum meðal kvenna. Mynd 10 sýnir að 55 karlar notuðu áfengi að staðaldri eða 49,10% og 35 konur eða 54,68%, 51 karlar notuðu önnur vímuefni að staðaldri og 34 konur. 30 karlar og 21 kona og notuðu bæði áfengi og önnur vímuefni að staðaldri. Þá sýnir myndin að 7 karlar voru hættir að neyta áfengis og annarra vímuefna og 5 konur.

**Mynd 10. Neysla áfengis og/eða annarra vímuefna eftir kyni**




#### 5.6. HUGSANLEGAR ORSAKIR ÞESS AÐ FÓLK VARÐ UTANGARÐS OG/EÐA HEIMILISLAUST

Um fleiri en einn svarmöguleika var að ræða í spurningu um hugsanlegar orsakir heimilisleysis og einnig var mögulegt að merkja við fleiri en eina ástæðu. Mynd 11 sýnir að áfengisvandi (62,6%) og annar vímuefnavandi (61,5%) var talin helsta orsök þess að viðkomandi einstaklingar voru utangarðs eða heimilislausir bæði meðal kvenna og karla. Þar á eftir voru geðræn vandamál eða 31,3%. Nokkrir aðrir þættir voru taldir voru en í minna hlutfalli. Í mörgum tilfellum voru fleiri en ein ástæða talin vera möguleg orsök heimilisleysis og/eða að vera utangarðs.

**Mynd 11. Hugsanlegar orsakir fyrir heimilisleysi**

### 5.7. ÞJÓNUSTA OG ÚRRÆÐI

Þeir 179 einstaklingar sem töldust utangarðs og/eða heimilisláusir leituðu til ýmissa annarra stofnana og félagasamtaka eftir þjónustu og stuðningi. Á mynd 12 kemur fram að viðkomandi einstaklingar höfðu fengið þjónustu hjá fjölmörgum aðilum.

**Mynd 12. Einstaklingar hafa leitað til og fá þjónustu hjá öðrum en svarendum**

### 5.7.1. ÞJÓNUSTA SEM HEFUR VERIÐ VEITT

Stofnanir og félagasamtök sem tóku þátt í rannsókninni koma með mismunandi hætti að málefnum utangarðs og/eða heimilisláusra í Reykjavík. Hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar var oftast veitt félagsleg ráðgjöf og stuðningsviðtöl eða í 31,8% tilvika, fjárhagsaðstoð í 24,5% tilvika, virkniráðgjöf 2,2% tilvika og endurhæfing 2,8% tilvika. Aðstoð vegna húsnæðismála í 19% tilvika þar á meðal umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur ásamt stuðningi vegna búsetuúrræða. Annað sem var nefnt var aðstoð við að sækja um örorkubætur, liðveisla og heimilishjálp. Samhjálp veitti neyðargistingu, snyrtiaðstöðu, máltíðir og ýmsan stuðning. Rauði Kross Íslands Reykjavíkurdeild veitti neyðargistingu, snyrtiaðstöðu, máltíðir og úthlutun hreinna sprautunála og ýmsan stuðning. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu veitti neyðargistingu og akstur á milli staða. Fangelsismálastofnun veitti ráðgjöf og eftirfylgd vegna reynslulausnar úr fangelsi.

Það kom fram að þær stofnanir og félagasamtök sem tóku þátt í rannsókninni höfðu vitneskju um að viðkomandi einstaklingar hefðu fengið þjónustu hjá fjölmörgum öðrum aðilum. Flestir höfðu (69,3%) leitað til nokkurra ólíkra meðferðaraðila vegna ofneyslu áfengis og/eða annarra vímuefna þ.e. SÁÁ, LSH, Samhjálp og Krýsuvík. Í Dagsetrið höfðu 22,9% leitað, geðmeðferð 9,5% og til AA-samtakanna 9,5%. Aðrir aðilar voru nefndir sjaldnar þ.e. heimillslæknar, heilsugæsla, almenn sjúkrahús, Stígamót, Drekaslóð, Kristínarhús, Geðhjálp, samfélagsteymi, unglingaheimili, trúfélög og hjálpastofnanir/félagasamtök.

### 5.7.2. ÞJÓNUSTA OG KYNJAHLUTFÖLL

Samkvæmt svörum þátttakenda var ofneysla áfengis og annarra vímuefna stærsti vandi meðal þeirra einstaklinga sem voru taldir utangarðs og/eða heimilisláusir. Lítil kynjamunur var hlutfallslega hvað varðar neyslu áfengis og annarra vímuefna. Mun færri höfðu leitað sér hjálpar vegna geðrænna vandamála og var hlutfall karla 8% og kvenna 3% hvað það varðar. Fleiri karlar áttu umsókn um félagslegt leiguhúsnæði. Fleiri karlar en konur gistu hjá lögreglu. Eingöngu var nálaskiptaþjónusta í Konukoti og sömuleiðis þjónusta vegna kynferðisofbeldis. Engin kona var að ljúka afplánun í fangelsi.

## 6. SAMANBURÐUR VIÐ NIÐURSTÖÐUR KORTLAGNINGAR Á FJÖLDA OG HÖGUM UTANGARÐS OG/EÐA HEIMILISLAUSRA ÁRIÐ 2009

Í rannsókninni 2009 voru 121 einstaklingar sem töldust utangarðs og/eða heimilisláusir, þar af voru þjuggu 21 í langtímabúsetuúrræði. Heildarfjöldi þessa hóps hafði því aukist um 32,41% eða um 58 einstaklinga (með fyrirvara um ólíka aðferð við framkvæmd rannsókna). Konur voru 24% af heildarfjölda árið 2009 en voru 35,8% árið 2012 og hafði því fjölgað nokkuð.

Fjölgun var mest í yngsta aldurshópnum þ.e. einstaklingum á aldrinum 18-30 ára. Árið 2009 var 17% á þessum aldri en 26,8% árið 2012. Fækkun var í hópi þeirra sem voru á aldrinum 30-50 ára. Árið 2009 voru 55% á aldrinum 30-49, en 39,7% árið 2012 (eða á aldrinum 31-50 ára). Árið 2009 voru 28% 50 ára og eldri, en 31,8% árið 2012.

Þó nokkur fjölgun var af einstaklingum af erlendum uppruna. Þeir sem voru af erlendum uppruna voru 4,9% á árinu 2009 en 10,6% árið 2012. Árið 2009 voru sex einstaklingar af erlendum uppruna, en 18 árið 2012. Eins og árið 2009 voru einstaklingar frá Póllandi flestir af þeim sem voru af erlendum uppruna.

Árið 2012 voru langflestir sagðir gista við ótryggar aðstæður eða í gistiskýli eins og árið 2009. Stærri hlutfall karla bjó við ótryggar aðstæður árið 2012 og einnig dvöldu fleiri karlar í gistiskýli en árið 2009.

Lengd í mánuðum og árum hvað varðar að vera utangarðs og/eða heimilislaus hafði breyst töluvert frá því árið 2009. Þeim fjölgaði sem höfðu verið utangarðs og/eða heimilillausir 4-11 mánuði og 1-2 ár og langtíma heimilislausum hafði fækkað. Árið 2009 höfðu 11,8% verið í slíkri stöðu í 4-11 mánuði en 28,5% árið 2012. Árið 2009 höfðu 11,8% verið í slíkri stöðu í 1-2 ár, en 17,3% árið 2012. Árið 2009 höfðu 64,5% utangarðs og/eða heimilislausra verið í slíkri stöðu í meira en 2 ár og voru 38% árið 2012. Þeir sem höfðu verið styst í slíkri stöðu þ.e. 0-3 mánuðir voru álíka margir eða 11,8% árið 2009 og 10,6% árið 2012.

Eins og árið 2009 var helsti vandi þeirra sem voru utangarðs og/eða heimilislausir ofneysla áfengis og/eða annarra vímuefna. Átti það við bæði kyn í báðum rannsóknunum. Geðrænn vandi kom þar á eftir og voru konur árið 2009 hlutfallslega fleiri en karlar. Karlar voru hlutfallslega fleiri en konur árið 2012 með geðrænan vanda.

Árið 2009 höfðu flestir fengið þjónustu hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar og var það einnig árið 2012. Í báðum rannsóknunum kom fram að einstaklingar sem voru utangarðs og/eða heimilislausir sækja fjölpætta þjónustu hjá mörgum ólíkum aðilum.

## 7. SAMANTEKT

Megin niðurstöður kortlagningarinnar árið 2012 eru að það hefur fjölgað í hópi utangarðs og/eða heimilislausra frá árinu 2009 (með fyrirvara um ólíka framkvæmd að hluta til við sjálfa rannsóknina). Karlar voru í meirihluta, en konum hafði fjölgað. Aldurshópurinn 30 ára og yngri stækkaði meðal bæði karla og kvenna og einstaklingum af erlendum uppruna fjölgar.

Flestir höfðu verið utangarðs og/eða heimilislausir í 2 ár og lengur bæði árið 2009 og 2012, en hafði fækkað á milli árunna. Árið 2012 höfðu hlutfallslega fleiri verið heimilislausir í 4- 11 mánuði og 1-2 ár heldur en árið 2009.

Á síðustu árum hefur þjónusta við þennan hóp verið aukin bæði dagþjónusta og langtímabúsetuúrræði. Í slíkum búsetuaðstæðum voru 29 einstaklingar, þar af 8 á áfangenheimlinum fyrir þá sem hafa lokið meðferð vegna áfengis og/eða annars vímuefnavanda. Eins og kemur fram í skýrslunni eru fjölmörg áfangaheimli starfandi í Reykjavík og nágrenni. Þeir sem búa í slíkum úrræðum eru oft á tíðum í áhættu með að verða utangarðs og/eða heimilislausir líkt og þeir sem ljúka stofnavist án þess að hafa öruggt húsnæði að henni lokinni.

Þeir einstaklingar sem upplýsingar voru um í rannsókninni voru allir í tengslum við þá aðila sem tóku þátt í henni þannig að staða þeirra er þekkt að miklu leyti. Mjög fjölbreytt þjónusta hefur verið veitt til þessa hóps. Auk húsnæðisvanda virðast flestir eiga við áfengis og/ eða annan vímuefnavanda að stríða og þar á eftir geðrænan vanda.

## 8. HEIMILDIR

- Anker, J. (2008). Organizing homeless people: Exploring the emergence of a user organization in Denmark. *Critical Social Policy*, 28, sótt 20. júlí 2012 af <http://csp.sagepub.com/cgi/content/abstract/>
- Argyll and Clyde. (2002, e.d.). *Health and Homelessness Needs Assessment*. Sótt 20. júlí 2012 af <http://www.achb.scot.nhs.uk/reports/healthandhome.pdf>
- Badiaga S, Raoult D, and Brouqui P. (2008). Preventing and controlling emerging and reemerging transmissible diseases in the homeless. *Journal of Emerg Infect Dis*; 14,9
- Benjaminsen, L. og Christensen, I. (2009). *Hjemløshed i Danmark 2009*. København: Det Nationale Forskningscenter for Velfærd.
- Edens, E.L., Mares, A.S. and Rosenheck, R.A. (2011). Chronically homeless women report high rates of substance use problems equivalent to chronically homeless men. *Womens health issues*, 21, 383---389. Edens, Mares og Rosenheck, (2011).
- Edgar, B. (2009). European Review of Statistics on Homelessness. *European Observatory on Holessness*. FEANTSA.
- Elín S. Gunnsteinsdóttur og Erla G. Sigurðardóttur (2009). Utangarðsfólk í Reykjavík: kortlagning og rannsókn.
- Eyrich, K.M., Pollio, D.E., & North, C.S. (2003). An exploration of alienation and replacement theories of social support in homelessness. *Social Work Research*, 27, 222–231.
- Dyb, Evelyn og Johannessen, Katja. (2008). Bostedsløse i Norge 2008-en kartlegging. Norsk institutt for by-og regionforskning.
- Glasser, I. og Bridgman, R. (1999). *Braving the street: the anthropology of homelessness*. Oxford: Berghahn Books.
- Félagsmálaráðuneytið (2005). *Skýrsla samráðshóps um heimilislausar: aðstæður húsnæðislausra í Reykjavík og tillögur til úrbóta*.
- Fischer, S. N., Shinn, M., Shrout, P. og Tsemberis, S. (2008). Homelessness, Mental Illness and Criminal Activity: Examining Patterns Over Time [rafræn útgáfa]. *American Journal of Community Psychology*. 42, 251-265.
- Rauði kross Íslands (2003). *Skýli fyrir heimilislausar konur-þarfamat*. Óbirt skýrsla.
- Reykjavíkurborg (2009). *Ársskýrsla Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar 2008*. Reykjavík: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.
- Stax, T. (2003). *Quantitative Point in Time Analysis of Homelessness in Denmark*. Denmark: Stax, T.
- Stephen W. Hwang (2001). Homelessness and health [Rafræn útgáfa]. *Canadian Medical Association or its licensors*, 164, 229-33.
- Stephen W. Hwang (2006). Homelessness and harm reduction [Rafræn útgáfa]. *Canadian Medical Association or its licensors*, 174, 50-51.
- Wardhaugh, J. (2000). *Sub City: Young people, homelessness and crime*. Vermont: Ashgate Publishing Company.



## 9. VIÐAUKAR

### VIÐAUKI I - SPURNINGALISTI

Spurningalistinn varðar upplýsingar um þá einstaklinga sem þér er kunnugt um að hafi verið utangarðs *síðustu þrjá mánuð samkvæmt skilgreiningu félagsmálaráðuneytisins 2005*.

#### Persóna

#### Dulkóðunarlykill

#### Kennitala

#### Spurningalistanum er svarað hjá:

Rauði Kross Íslands Reykjavíkurdéild

Fangelsismálastofnun Ríkisins

Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu

Samhjálp

Þjónustumiðstöð: Breiðholti

Þjónustumiðstöð: Grafarvogi

Þjónustumiðstöð: Árbæ og Grafarholti

Þjónustumiðstöð: Vesturgarði

Þjónustumiðstöð: Laugardal og Háaleiti

Þjónustumiðstöð: Miðborg og Hlíðum

#### 1. **Búsetuaðstæður viðkomandi síðastliðna 3 mánuði. Sjá nánari útskýringar á meðfylgjandi skilgreiningarblaði (ATH fleira en eitt getur átt við)**

- Viðkomandi býr á götunni eða í opinberu rými/opinberum stöðum í óþökk og/eða leyfisleysi sem ekki telst viðunandi til dvalar.
- Viðkomandi á hvergi fastan dvalarstað og nýtir sér þjónustu gistiskýla á næturnar.
- Viðkomandi dvelur tímabundið í kvennaathvarfi vegna ofbeldis heima fyrir og á ekki afturkvæmt heim.

- Viðkomandi er að ljúka stofnanavist, innan þriggja mánaða (fangelsi, sjúkrastofnun, vímuefnaeðferð, eftirmeðferð) og hefur ekki fastan samastað að henni lokinni.
- Viðkomandi býr í langtímastuðningsúrræði fyrir heimilislausu.
- Viðkomandi býr við ótryggar aðstæður, gistir nótt og nótt hjá fjölskyldu eða vinum/kunningjum og/eða dvelur í hefðbundnu húsnæði tímabundið án samnings eða í húsnæði sem ekki telst viðunandi til dvalar.

## 2. Kyn og aldur:

- Karl
- Kona
- Aldur: \_\_\_\_\_

## 3. Þjóðerni (*merkið aðeins við eitt*)

- Íslenskt
- Annað, hvað?: \_\_\_\_\_
- Veit ekki

## 4. Hversu lengi telur þú að einstaklingurinn hafi verið heimilislaus? (*merkið aðeins við einn svarmöguleika*)

- 0 – 3 mánuðir
- 4 – 11 mánuðir
- 1 – 2 ár
- Meira en 2 ár
- Veit ekki

## 5. Hefur þú upplýsingar um að einstaklingurinn neyti áfengis og/eða annarra vímuefna að staðaldri: (*má merkja viðfleira en eitt*)

- Já, viðkomandi neytir að staðaldri
- Áfengis
- Annarra vímuefna en áfengis
- Nei, ég hef enga vitneskju um áfengis eða aðra vímuefnaneyslu viðkomandi einstaklings

**6. Hverjar telur þú vera hugsanlegar orsakir þess að viðkomandi einstaklingur er heimilislaus? (Má merkja við fleiri en einn svarmöguleika)**

- Líkamlegur sjúkdómur
- Áfengisvandi
- Misnotkun annarra vímuefna en áfengis
- Atvinnuleysi
- Hjónaskilnaður/sambúðarslit
- Er að ljúka afplánun
- Ofbeldi á heimili
- Geðræn vandamál
- Þroskafrávik
- Útskrift af spítala
- Óöryggi við að búa ein/einn
- Gat ekki búið lengur hjá fjölskyldu/vinum/kunningjum. Erfitt að fá húsnæði eða bíður eftir félagslegu húsnæði
- Annað, hvað?: \_\_\_\_\_
- Veit ekki

**7. Hefur þú vitneskju um hvort viðkomandi einstaklingur hefur leitað eftir eða er að fá stuðning frá öðrum stofnunum eða félagasamtökum?**

- Viðkomandi hefur leitað til: \_\_\_\_\_
- Viðkomandi er að fá stuðning frá: \_\_\_\_\_
- Viðkomandi hefur ekki leitað til neinna annarra stofnana eða félagasamtaka
- Veit ekki

**8. Hvaða þjónustu er viðkomandi einstaklingur að fá hjá ykkar stofnun/félagasamtökum í dag. Lýstu í nokkrum orðum:**

## VIÐAUKI II - SAMÞYKKI VÍSINDASIÐANEFNDAR



## VÍSINDASIÐANEFND

Hafrarhúsið, Tryggvagata 17  
101 Reykjavík,

Sími: 551 7100, Bréfsími: 551 1444

netfang: visindasiðanefnd@vsn.stjr.is

Erla Björg Sigurðardóttir  
Eiðismýri 22  
170 SeltjarnarnesReykjavík 6. desember 2011  
Tilv.: VSNb2011100015/03.1

Efni: 11-137-S2 Rannsókn á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík.


Vísindasiðanefnd þakkar svarbréf þitt, dags. 25.11.2011 vegna áðursendra athugasemda við ofangreinda rannsóknaráætlun sbr. bréf nefndarinnar dags. 08.11.2011. Í bréfinu koma fram svör og skýringar til samræmis við athugasemdir Vísindasiðanefndar.

Fjallað var um svarbréf þitt á fundi Vísindasiðanefndar þann 06.12.2011 og voru þau talin fullnægjandi. Rannsóknaráætlunin er endanlega samþykkt af Vísindasiðanefnd.

Vísindasiðanefnd bendir rannsakendum vinsamlegast á að birta VSN tilvísunarnúmer rannsóknarinnar þar sem vitnað er í leyfi nefndarinnar í birtum greinum um rannsóknina. Jafnframt fer Vísindasiðanefnd fram á að fá send afrit af, eða tilvísun í, birtar greinar um rannsóknina. Rannsakendur eru minntir á að tilkynna rannsóknarlök til nefndarinnar.

Með kveðju,  
f.h. Vísindasiðanefndar,

dr. med., Björn Rúnar Lúðvíksson, læknir, formaður



## VIÐAUKI III - ÞJÓNUSTA VIÐ UTANGARÐSFÓLK OG/EÐA HEIMILISLAUSA Í REYKJAVÍK

Reykjavíkurborg hefur um árabíl komið að rekstri úrræða fyrir einstaklinga sem teljast utangarðs í Reykjavík og/eða eru heimilislausir. Undanfarin ár hefur úrræðum fjölgað þó nokkuð fyrir heimilislausa einstaklinga með ómeðhöndlaðan áfengis-og annan vímuefnavanda á vegum Reykjavíkurborgar. Úrræðin eru gistiskýli, dagsetur og langtímabúsetuúrræði með mismunandi rekstrarformi. Annars vegar eru þau alfarið í rekstri borgarinnar og hins vegar í samvinnu við ólík félagasamtök. Tafla 1 sýnir fjölda rýma í úrræðum þar sem ekki er gerð krafa um að viðkomandi sé hættur neyslu áfengis og/eða annarra vímuefna.

### GISTISKÝLI ÞINGHOLSSTRÆTI

Gistiskýlið er neyðarathvarf sem hefur verið rekið á vegum Reykjavíkurborgar frá árinu 1969. Í dag er rými fyrir allt að tuttugu heimilislausa karlmenn með lögheimili í Reykjavík. Samhjálp rekur Gistiskýlið á grunni þjónustusamnings við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Gistiskýli er næturskjól til einnar nætur í senn og er rými fyrir 20 karla. Enginn getur gengið þar að ákveðnu rúmi vísu, ekki er hægt að bóka sig til gistingar fyrirfram og ekki er hægt að fá geymda persónulega muni. Gistiskýli er opið alla daga, opnar kl. 17:00 og lokar kl. 10:00 daginn eftir. Í boði er kvöldhressing og morgunmat fyrir dvalargesti. Árið 2011 voru 133 dvalargestir skráðir í næturgistingu og var meðaldvöl 42 nætur. Gisting og máltíðir eru ókeypis.

Forstöðumaður og tengiliðir frá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða funda vikulega ásamt vaktmönnum varðandi stöðuna í húsinu. Tengiliðir Þjónustumiðstöðvar Miðborgar-og Hlíða eru jafnframt með opinn viðtalstíma fyrir dvalargesti einu sinni í viku.

### KONUKOT

Konukot er neyðarathvarf fyrir heimilislausar konur, úrræðið hefur verið rekið frá árinu 2004. Reykjavíkurborg Rauða krossins rekur Konukot á grunni þjónustusamnings við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Konukoti er næturskjól til einnar nætur í senn og er rými fyrir átta konur auk þess er eitt neyðarrými. Konukot er opið frá kl. 17:00 til kl.11:30 daginn eftir. Boðið er upp á léttan kvöldverð og morgunverð. Dvalargestir geta þvegið af sér og farið í bað, auk þess sem þær geta fengið fatnað. Árið 2011 voru 67 dvalargestir skráðir í næturgistingu og var meðaldvöl 23 nætur. Gisting og máltíðir eru ókeypis.

Tengiliðir Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða eru með vikulegan opinn viðtalstíma fyrir dvalargesti í Konukoti.

## SMÁHÝSI

Smáhýsi voru opnuð árið 2008, þau eru fjögur, 25 fm að stærð og eru rekin af Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Búseta er fyrir 4 – 8 einstaklinga og þör. Markmið með úthlutun smáhýsa er að veita einstaklingum og þörum sem erfiðlega hefur gengið að útvega búsetuúrræði vegna áfengis- og/eða vímuefnaneyslu, annarra veikinda eða sérþarfa öruggt húsnæði. Íbúar þiggja stuðning í formi innlita og eftirlits sem grundvallast á dvalarsamningi með ákvæði um greiðslur vegna húsnæðisins. Árið 2011 voru 5 íbúar í Smáhýsunum og var meðaldvöl 290 dagar/nætur.

Starfsmaður í Smáhýsunum er hluti af Teymi um sértæk búsetuúrræði sem fundar vikulega á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. Tengiliður frá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða veitir stuðning og ráðgjöf eftir þörfum.

## HEIMILI FYRIR KARLA Í VÍMUEFNAVANDA – MIKLABRAUT

Reykjavíkurborg hefur rekið herbergjasambýli fyrir 8 karla með aðgengi að sameiginlegri aðstöðu frá árinu 2002. Fyrst í samvinnu við Samhjálp á grunni þjónustusamnings eða fram til ársins 2012, en eftir það á eigin vegum. Það er ætlað fyrir þann hóp heimilislausra sem verst eru settir og erfiðlega hefur gengið að veita þjónustu. Úrræðið er ætlað körlum með tvöfalda greiningu þ.e. áfengissýki eða fíkn í aðra vímugjafa og geðræna kvilla. Ekki er gerð krafa um að íbúar séu hættir neyslu áfengis og/eða annarra vímuefna.

Íbúar hafa allir sér herbergi, setustofa er sameiginleg sem og eldhús og þvottaaðstaða. Boðið er upp á morgunmat og eina heita máltíð á dag. Gert er ráð fyrir að íbúar séu í tengslum við félagsráðgjafa á þjónustumiðstöð sem vinnur í samvinnu við íbúa og starfsmenn heimilisins út frá fyrirfram settum markmiðum í samkomulagi um félagslega ráðgjöf. Lögð er áhersla á góða samvinnu við geðheilbrigðiskerfið, áfengis- og vímuefnaeðferðarkerfið og aðra þá sem kom að málum hlutaðeigandi íbúa. Þjónustan er einstaklingsbundin og sveigjanleg. Árið 2011 voru 9 íbúar á Miklubrautinni og var meðaldvöl 298 dagar/nætur. Íbúar greiða dvalargjald.

## HEIMILI FYRIR KARLA MEÐ VÍMUEFNAVANDA - NJÁLSGATA

Velferðarsvið rekur heimili fyrir heimilislausra karla á Njálsgötu. Þar er pláss fyrir 8 karla. Dvalartími þeirra hefur verið á bilinu sex mánuðir til 4 ár, meðaldvalartími 27 mánuðir. Um er að ræða heimili með einmannsherbergjum. Það er fyrir þann hóp heimilislausra karla sem verst eru settir og erfiðlega hefur gengið að veita þjónustu. Algengt er að þessir einstaklingar séu með tvöfalda greiningu, þ.e. áfengissýki og/eða aðra vímuefnafíkn og geðræna kvilla. Ekki er gerð krafa um að umsækjandi sé hættur neyslu áfengis og/eða annarra vímuefna.

Íbúar hafa allir sér herbergi, setustofa er sameiginleg sem og eldhús og þvottaaðstaða. Boðið er upp á morgunmat og eina heita máltíð á dag. Gert er ráð fyrir að íbúar séu í tengslum við félagsráðgjafa á þjónustumiðstöð sem vinnur í samvinnu við íbúann og

starfsmenn heimilisins út frá fyrirfram settum markmiðum í samkomulagi um félagslega ráðgjöf. Lögð er áhersla á góða samvinnu við geðheilbrigðiskerfið, áfengis-og vímuefnaeðferðarkerfið og aðra þá sem koma að málum hlutaðeigandi íbúa. Þjónustan er einstaklingsbundin og sveigjanleg. Árið 2011 voru 11 íbúar á Njálsgötunni og var meðaldvöl 239 dagar/nætur. Íbúar greiða dvalargjald

Forstöðurmaður og deildarstjóri eru hluti af Teymi um sértæk búsetuúrræði sem fundar vikulega á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. Tengiliður frá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða er með vikulega viðveru á Njálsgötu.

#### HEIMILI FYRIR KONUR MEÐ VÍMUEFNAVANDA - MÝRIN

Árið 2010 var opnað heimili fyrir heimilislausar konur sem Velferðarsvið Reykjavíkurborgar rekur. Þar er pláss fyrir 5 konur. Úrræðið er fyrir þann hóp heimilislausra kvenna sem verst eru settar og erfiðlega hefur gengið að veita þjónustu. Algengt er að þessir einstaklingar séu með tvöfalda greiningu, þ.e. áfengissýki og/eða fíkn í aðra vímuefna og geðræna kvilla. Ekki er gerð krafa um að umsækjandi sé hættur neyslu áfengis eða annarra vímuefna. Markmið með rekstri heimilisins er að skapa heimilislausum reykvískum konum öruggt heimili.

Íbúar hafa allir sér herbergi, setustofa er sameiginleg sem og baðherbergi, eldhús og þvottaaðstaða. Boðið er upp á morgunmat og eina heita máltíð á dag. Gert er ráð fyrir að íbúar séu í tengslum við félagsráðgjafa á þjónustumiðstöð sem vinnur í samvinnu við íbúann og starfsmenn heimilisins út frá fyrirfram settum markmiðum í samkomulagi um félagslega ráðgjöf. Lögð er áhersla á góða samvinnu við geðheilbrigðiskerfið, áfengis-og vímuefnaeðferðarkerfið og aðra þá sem kom að málum hlutaðeigandi íbúa. Þjónustan er einstaklingsbundin og sveigjanleg. Árið 2011 voru 8 íbúar á heimilinu og var meðaldvöl 203 dagar/nætur. Íbúar greiða leigu.

Forstöðurmaður og deildarstjóri eru hluti af Teymi um sértæk búsetuúrræði sem fundar vikulega á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða.

**Tafla 1. Úrræði**

	Fjöldi rýma	Karlar	Konur
Gistiskýlið	20	20	-
Konukot	8	-	8
Miklabraut	8	8	-
Njálsgata	8	8	-
Mýrin	5	-	5
Smáhýsi*	4-8	4-8	4-8
<b>Samtals</b>	<b>53-57</b>	<b>40-44</b>	<b>17-21</b>

\*Í Smáhýsunum geta búið einstaklingar og/eða pör.

## DAGSETUR

Dagsetur Hjálpræðishersins opnaði í Reykjavík í nóvember 2007 að Eyjarlóð 7, 101 Reykjavík og er opið alla daga kl. 12-17. Í boði er heit máltíð frá 13-15, setustofa og bakkelsi á opnunartíma, nestisþakkar, sjónvarpsherbergi, kyrrðarherbergi, hvíldaraðstaða, hreinlætis- og sturtuadstaða, þvottaadstaða, dagiðja og fót snyrting á þriðjudögum.

Félagsráðgjafi frá Velferðarsviði sem hefur starfsaðstöðu á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða er í Dagsetri á opnunartíma þess. Félagsgjafi skipuleggur dagiðju í Dagsetri og kemur að öðrum verkefnum þar. Hann er í daglegum tengslum við þá sem sækja Dagsetur. Félagsgjafi er hluti af Teymi um sértæk búsetuúrræði sem fundar vikulega á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. Gestir greiða ekki fyrir þjónustu í Dagsetri.

## BORGARVERÐIR

Borgarverðir hófu starfsemi sína í maí 2012 og eru færanlegt teymi sérfræðinga á sviði þjónustu við utangarðsfólk, fólk með áfengis- og vímuefnavanda og/eða geðræna erfiðleika. Um er að ræða samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar/Velferðarsviðs og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og er tilraunaverkefni. Þjónustan felst í umönnun, akstri, leitarstarfi og annarri almennri þjónustu við utangarðsfólk á vettvangi. Borgarverðir aðstoða þann hóp fólks sem lendir í aðstæðum á almannafæri sem það ræður ekki við eða veldur öðrum ónæði. Jafnframt sinna Borgarverðir forvarnar- og leitarstarfi sem er til þess fallið að koma í veg fyrir að þessir einstaklingar lendi í erfiðleikum með sjálfa sig eða aðra eða í þeim aðstæðum að valda ónæði á almannafæri í Reykjavík.

Borgarverðir starfa á almenningsstöðum innan borgarmarka Reykjavíkur á virkum dögum kl. 11:00-19:00. 3 starfsmenn eru í starfi Borgarvarða.

## KAFFISTOFA SAMHJÁLPAR

Kaffistofa Samhjálp er fyrir utangarðsfólk og aðra aðstöðulausa. Kaffistofan er rekin skv. sérstökum samningi við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og nemur styrkur frá Velferðarsviði um 50% af rekstrarkostnaði Kaffistofunnar. Afgreiðslutími hennar er á milli kl. 10 og 16 alla virka daga. Gestir greiða ekki fyrir þjónustu í Kaffistofunni. Ráðgjafar frá Þjónustumiðstöð Miðborgar-og Hlíða hafa verið með vikulega viðveru á Kaffistofunni.

## FÆRANLEG FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF

Starfsmenn frá Þjónustumiðstöð Miðborgar-og Hlíða hafa farið í vettvangsferðir á þá staði í miðborginni sem utangarðsfólk venur komur sínar. Tilgangurinn er að miðla upplýsingum til þeirra um þá þjónustu sem í boði er jafnframt fái starfsmenn betri mynd af aðstæðum þessara einstaklinga.

## ÁFANGAHEIMILI FYRIR EINSTAKLINGA SEM HAFU LOKIÐ VÍMUEFNAMEDFERÐ

Áfangaheimili (halfway house) er tímabundið húsnæði til að leysa bráðan húsnæðisvanda þeirra sem hafa átt við áfengis-og annan vímuefnavanda að stríða og eru í virkri



endurhæfingu eftir meðferð. Áfangheimili er hugsað sem millibilsástand á milli meðferðar og sjálfstæðs lífs utan stofnunar. Yfirleitt er um að ræða fullt fæði og húsnæði með nokkrum einstaklingsherbergjum og sameiginlegri stofu, eldhúsi, snyrtingu og þvottahúsi. Að öðru leyti er þjónusta í lágmarki og heimilisfólk greiðir lágmarksleigu fyrir dvölinu en ætlast er til að þeir sjái um þrif á herbergjunum sínum sjálfir og taki þátt í öðrum heimilisstörfum eftir þörfum og mætti (Heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneytið, 2004).

Markmið með áfangheimilum sem Velferðarsvið Reykjavíkurborgar kemur að með eigin rekstri eða í samvinnu við aðra aðila er að bjóða þeim einstaklingum sem hætt hafa neyslu áfangis og annarra vímuefna öryggt heimili, stuðning og aðhald meðan þeir aðlagast samfélaginu á nýjan leik. Jafnframt að auka lífsgæði þeirra og möguleika á að ná tökum á lífi sínu. Endurhæfing og stuðningur er ætlað að fara fram í nánú samstarfi við heimilismenn.

Í töflu 2 má sjá fjölda rýma áfangsheimila. Áfangheimilið Brautin er rekið alfarið af Reykjavíkurborg sem er fyrir 9 karla. S.Á.Á. rekur áfangheimili á grunni þjónustusamnings við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar sem er fyrir karla og konur, þar er pláss fyrir 20 einstaklinga. Samhjálp rekur áfangheimili á Miklubraut á grunni þjónustusamnings við borgina sem er fyrir 8 karla. Samhjálp rekur tvö önnur áfangheimili, Sporið með rými fyrir 17 karla og Brú þar sem eru 19 einstaklingsíbúðir fyrir bæði karla og konur. Líknarfélagið Takmarkið rekur áfangheimili fyrir 16 einstaklinga, eingöngu ætlað körlum. Líknarfélagið Dyngjan rekur Dyngjuna sem eingöngu ætlað konum og er pláss þar fyrir 14 konur. Áfangheimilin hafa fengið styrki frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar skv. reglum um styrki til áfangsheimila. Samkvæmt þessu eru 103 pláss fyrir einstaklinga að lokinni útskrift af meðferðarstofnun tiltæk. Þar af eru 14 eingöngu fyrir konur, 50 eingöngu fyrir karla og 39 fyrir bæði kyn. Íbúar greiða leigu á öllum áfangsheimilum.

**Tafla 2. Áfangsheimili í Reykjavík og fjöldi rýma**

	Fjöldi plássa
Brautin	9
Takmarkið	16
Miklubraut	8
Brú	19
Sporið	17
Vin	20
Dyngjan	14
<b>Samtals</b>	<b>103</b>